

---

N O R Ð F I R Ð I N G U R

---

3. tölublað 1984

8. árgangur.

---

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins verður haldinn í Átthagasal Hótel Sögu sunnudaginn 2. desember 1984 kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf  
Myndasýning  
Einsöngur  
Jólastemning  
Kaffi og með'í

Mætum öll .....

---

Viðtakandi:

 og *Juandis*

Árshátíð Norðfirðingafélagsins var haldin 17. marz s.l. Þátttaka var allgóð. Aðalræðumaður og skemmtikraftur var Jónas Arnason, sem var gestur félagsins ásamt konu sinni Guðrúnu Jónsdóttur. Ekki brást Jónasi bogalistin fremur en fyrri daginn. Hann kom víða við í ræðu sinni og minntist ýmissa skemmtilegra atvika frá veru sinni á Norðfirði á árum áður. Jónas lét sér ekki nægja að halda aðalræðu kvöldsins, heldur sló hann einnig á léttari strengi með söng og glensi og þá að sjálfsögðu við eigin texta. Ekki átti Jónas erfitt með að hrífa árshátíðargesti með sér og fá þá til að taka hressilega undir. Honum til halds og trausts var Troels Bendtsen og færum við þeim báðum innilegar þakkir fyrir góða skemmtun.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum, sem að jafnaði taka ekki lengri tíma en fimm mínútur vegna góðrar samstöðu félagsmanna, þá verður myndasýning. Brugðið verður upp gömlum og nýjum myndum að heiman. síðan mun okkur gefast kostur á að hlýða á ungan og upprennandi bassa-söngvara, Viðar Gunnarsson, sem er ný-

kominn frá söngnámi í Svíþjóð. Undirleik mun annast Selma Guðmundsdóttir píanóleikari.

Þar sem aðalfundinn ber að þessu sinni upp á fyrsta sunnudag í aðventu, þá er ekki úr vegi að skapa svolitla jólastemningu. Elsa Christensen hefur tekið saman uppskriftir að jólagóðgæti, sem liggja munu frammi og félagar geta tekið með sér heim og spreytt sig á fyrir jólin.

Boðin verða til sölu á aðalfundinum jóla-kort á vegum safnaðarheimilis kirkjunnar, prýdd myndum að heiman. Stjórn félagsins væntir þess að félagar bregðist vel við og kaupi kortin.

Það hefur verið ákveðið að halda hið árlega Sólarkaffi félagsins, sunnudaginn 3. febr. n.k. að Hótel Sögu, Átthagasal.

Ennfremur hefur verið ákveðið að halda árs-hátíð félagsins laugardaginn 30. marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal.

Fréttabréf verða send félögum til að minna á "Sólarkaffið" og árshátíðina, þegar þar að kemur, þar sem nánar verður getið um dagskráratriði.

Samhliða fréttabréfi þessu eru sendir gíró-  
seðlar fyrir árgjöldum félagsmanna og væntum  
við þess að félagar bregðist vel við og  
greiði félagsgjöldin fljótt og vel.  
Að endingu hvetjum við alla Norðfirðinga  
til þess að mæta nú vel og eiga saman góða  
stund í vinarhópi og rabba saman yfir kaffi  
og kökum.

Mætum vel .....

---

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið,  
Heiðarlundi 1,  
210 Garðabæ.

Ritstjóri: Jón Karlsson.